

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1637****2020/EES/69/23****frá 13. júlí 2018****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur og einkenni eftirlitsstarfsemi (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1011 er þess krafist að stjórnendur viðmiðana komi á varanlegri og árangursríkri yfirsýnarstarfsemi sem framkvæma ætti af hálfu sérstakrar nefndar eða samkvæmt öðru viðeigandi fyrirkomulagi stjórnarháttá.
- 2) Stjórnendum er heimilt að móta heppilegustu yfirsýnarstarfsemi fyrir viðmiðanirnar sem þeir láta í té til að uppfylla kröfur 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011. Í þessari reglugerð er sett fram skrá sem ekki er tæmandi yfir viðeigandi fyrirkomulag stjórnarháttá.
- 3) Verðmæt sérfræðikunnátta getur fylgt því að fela utanaðkomandi hagsmunaaðilum tiltekna eftirlitsstarfsemi og þátttaka þeirra getur aukið skilvirkni yfirsýnarstarfseminnar. Hagsmunaárekstrar gætu komið upp innan yfirsýnarstarfseminnar vegna andstæðra hagsmuna þessara aðila eða vegna tengsla milli fulltrúa yfirsýnarstarfseminnar og viðskiptavina þeirra eða annarra hagsmunaaðila. Til að draga úr slíkum árekstrum ættu óháðir fulltrúar sem eru lausir við hagsmunaárekstra að taka þátt í þessu eftirliti með mjög mikilvægum viðmiðunum, þegar hægt er, vegna þess hve nauðsynlegar þær eru fyrir heildarvirkni markaðar, fjármálastöðugleika, neytendur, raunhagkerfið og fjármögnun heimila og fyrirtækja í aðildarríkjum. Þegar ekki er þörf á slíkum óháðum fulltrúum í samræmi við þessa reglugerð ættu stjórnendur að samþykkja aðrar verklagsreglur til að bregðast við hugsanlegum hagsmunaárekstrum eins og að meina aðilum að taka þátt í ákveðnum umræðum eða afnema atkvæðisrétt tiltekinna aðila.
- 4) Einstaklingum, sem taka beinan þátt í gerð viðmiðunar, er heimilt að taka þátt í yfirsýnarstarfseminni án atkvæðisréttar þar sem þeir geta veitt gagnlega innsýn í vinnu stjórnandans. Staða þeirra sem fulltrúa án atkvæðisréttar er viðeigandi til að tryggja að stjórnandinn hafi ekki óeðlileg áhrif á ákvarðanir yfirsýnarstarfseminnar.
- 5) Yfirsýnarstarfsemin getur haft á sínum vegum nefndir með sértæka hæfni fyrir ólíkar viðmiðanir eða fjölskyldur viðmiðana eða hún getur haft margþætt hlutverk og sinnt mismunandi verkefnum þegar einstaklingar með viðeigandi sérþekkingu geta ekki allir setið í einni nefnd, til dæmis þegar þeir eru staðsettir á ólíkum landsvæðum. Yfirsýnarstarfsemi

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

Þessi þarf að hafa einn einstakling eða eina nefnd í forsvari fyrir stefnu yfirsýnarstarfseminnar og til að bera ábyrgð á samskiptum við stjórn stjórnandans og við lögbær yfirvöld til að greiða fyrir miðstýringu yfirsýnar.

- 6) Að því er varðar mikilvægar viðmiðanir sem eru minna notaðar og síður viðkvæmar er hægt að heimila einstaklingi að taka að sér yfirsýnarstarfsemina ef einstaklingurinn getur varið nægilega miklum tíma í yfirsýn yfir viðkomandi viðmiðanir. Þegar yfirsýnarstarfsemin er í höndum einstaklings er hún undanskilin frá ákveðnum verklagsreglum sem eru einungis viðeigandi þegar um nefnd er að ræða. Mikilvægar viðmiðanir ættu ekki að vera undir eftirliti einstaklings vegna mjög mikillar notkunar mikilvægra viðmiðana og áhættunnar sem þær gætu skapað við ákveðnar aðstæður.
- 7) Til að uppfylla skyldur í tengslum við yfirsýnarstarfsemina þurfa fulltrúar að hafa sérþekkingu á ferlinu fyrir gerð viðmiðana og einnig á undirliggjandi markaði sem viðmiðunin leitast við að mæla. Slíka sérfræðiaðstoð má sækja frá notendum og aðilum sem leggja fram gögn og eru virkir á markaði eða frá þeim sem láta eftirlitskyld gögn í té. Yfirsýnarstarfsemi gæti notið sérfræðiaðstoðar aðila sem leggja fram gögn svo lengi sem viðeigandi ráðstafanir eru teknar til að tryggja að hagsmunaárekstrar séu ekki til staðar og notendur hafi hag af því að tryggja að viðmiðunin sé traust. Því er viðeigandi að aðilar sem leggja fram gögn og notendur komi til álita sem aðilar að slíkum viðmiðunum.
- 8) Yfirsýnarstarfsemin er nauðsynlegt tæki til að stýra hagsmunaárekstrum á vettvangi stjórnandans og í því skyni að tryggja heilleika starfseminnar ætti að banna einstaklingum sem hafa sætt viðurlögum fyrir að brjóta reglur um fjármálaþjónustu, einkum hagræðingu eða tilraun til hagræðingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ⁽²⁾, að verða aðilar að yfirsýnarstarfsemi.
- 9) Utanaðkomandi hagsmunaaðilar gætu haft hagsmuni í viðmiðunum þegar þær eru almennt notaðar á mörkuðum þeirra og þeir geta látið í té viðbótarsérþekkingu. Stjórnendum er heimilt að koma á fót verklagsreglum sem gera þeim kleift að taka þátt sem áheyrnarfulltrúar í yfirsýnarstarfsemi.
- 10) Ekki er hægt að skilja sjálfstæðar nefndir algjörlega frá skipulagi stjórnandans þar sem endanlegar ákvarðanir er snúa að starfsemi hans liggja hjá stjórninni og aðskilin nefnd gæti tekið ákvarðanir án þess að meta til fulls þau hugsanlega skaðlegu áhrif sem þær gætu haft á starfsemi stjórnandans. Yfirsýnarstarfsemi sem er felld inn í skipulag stjórnandans eða móðurfélags samstæðunnar sem hann tilheyrir er því best sett til að vefengja ákvarðanir stjórnandans að því er varðar viðmiðanirnar sem hún leggur til.
- 11) Til að yfirsýnaraðilinn geti rekið þá starfsemi, sem honum er falin með reglugerð (ESB) 2016/1011, er mikilvægt að hann sé fær um að meta að fullu og vefengja ákvarðanir stjórnar stjórnandans og, þegar um ósamkomulag er að ræða, að umfjöllun yfirsýnarstarfseminnar sé að þessu leyti skráð.
- 12) Verklagsreglur um forsendur fyrir vali fulltrúa og áheyrnarfulltrúa, um stýringu hagsmunaárekstra og, þegar yfirsýnarstarfsemin er í höndum nefndar, verklagsreglur sem taka til lausnar deilumála eru nauðsynlegar til að tryggja að yfirsýnarstarfsemin geti farið fram án hindrana. Í yfirsýnarstarfsemi fyrir tilteknar gerðir viðmiðana eða stjórnenda gætu verið viðeigandi aðrar verklagsreglur sem eru ekki settar fram í þessari reglugerð en eru nauðsynlegar og viðeigandi fyrir rétta stjórnun á viðmiðunum þeirra. Stjórnendum er því heimilt að taka upp annað verklag að því tilskildu að þetta verklag nái fram nægilegri yfirsýn.
- 13) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 14) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 ⁽³⁾.
- 15) Stjórnendum ættu að fá nægan tíma til að tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjttíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samsetning yfirsýnarstarfseminnar

1. Uppbygging og samsetning yfirsýnarstarfseminnar skal vera í réttu hlutfalli við eignarhalds- og stjórnunarkerfi stjórnandans og skal að jafnaði vera ákvarðað í samræmi við eina eða fleiri gerðir viðeigandi fyrirkomulags stjórnarháttá sem taldar eru upp í viðaukanum við þessa reglugerð. Stjórnendur skulu láta lögbærum yfirvöldum í té rökstuðning fyrir hvers konar fráviki frá slíku fyrirkomulagi.
2. Nefnd með að minnsta kosti tveimur óháðum fulltrúum skal hafa yfirsýnarstarfsemina með höndum þegar viðmiðunin er mjög mikilvæg. Óháðir fulltrúar skulu vera einstaklingar sem taka þátt í yfirsýnarstarfseminni en tengjast ekki stjórnandanum beint að öðru leyti en vegna þátttöku þeirra í yfirsýnarstarfseminni og skulu lausir við hagsmunaárekstra, einkum að því er varðar mikilvægar viðmiðanir.
3. Yfirsýnarstarfsemin skal skipuð aðilum sem saman hafa hæfni og sérþekkingu sem er viðeigandi til eftirlits með gerð tiltekinnna viðmiðana og til að sinna þeim skyldum sem yfirsýnarstarfseminni er ætlað að uppfylla. Fulltrúar í yfirsýnarstarfseminni skulu hafa viðeigandi þekkingu á þeim undirliggjandi markaði eða efnahagslega veruleika sem viðmiðunin leitast við að meta.
4. Stjórnendur viðmiðana á grundvelli eftirlitsskyldra gagna skulu, sem aðilar í yfirsýnarstarfseminni, vera fulltrúar eininga sem taldar eru upp í skilgreiningu viðmiðana á grundvelli eftirlitsskyldra gagna, í a-lið 24. liðs 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, og, eftir atvikum, fulltrúar eininga sem leggja verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða til viðmiðana á grundvelli eftirlitsskyldra gagna. Stjórnendur skulu láta lögbærum yfirvöldum í té rökstuðning séu einhverjir fulltrúar þessara eininga útilokaðir.
5. Þegar viðmiðun byggist á framlögum og fulltrúar aðila sem leggja fram gögn eða eininga undir eftirliti sem nota viðmiðunina eru aðilar í yfirsýnarstarfseminni skal stjórnandinn tryggja að fulltrúar sem eiga í hagsmunaárekstrum séu ekki jafnmargir eða fleiri en sem nemur einföldum meirihluta. Stjórnendur skulu, áður en þeir skipa fulltrúa, jafnframt auðkenna og taka tillit til hagsmunaárekstra sem hljótast af tengslum milli hugsanlegra fulltrúa og annarra utanaðkomandi hagsmunaaðila, einkum þegar þau hljótast af hugsanlegum hagsmunum sem snerta viðeigandi viðmiðanir.
6. Einstaklingar sem taka beinan þátt í gerð viðmiðunarinnar og gætu verið fulltrúar í yfirsýnarstarfseminni skulu ekki hafa atkvæðisrétt. Fulltrúar stjórnarinnar skulu hvorki vera aðilar né áheyrnarfulltrúar en heimilt er að bjóða þeim að sækja fundi yfirsýnarstarfseminnar án atkvæðisréttar.
7. Meðal fulltrúa í yfirsýnarstarfseminni skulu ekki vera einstaklingar sem hafa sætt viðurlögum á sviði stjórnsýslu eða refsiréttar að því er varðar fjármálaþjónustu, einkum í tengslum við hagræðingu eða tilraun til hagræðingar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

2. gr.

Einkenni og staðsetning yfirsýnarstarfseminnar

1. Yfirsýnarstarfsemin skal teljast hluti af stjórnskipulagi stjórnandans eða móðurfélags samstæðunnar sem það telst til en vera aðskilin stjórn og öðrum stjórnarháttum stjórnanda viðmiðunarinnar.
2. Í yfirsýnarstarfseminni skal meta, og vefengja þegar við á, ákvarðanir stjórnar stjórnandans að því er varðar gerð viðmiðunar til að tryggja að kröfurnar í reglugerð (ESB) 2016/1011 séu uppfylltar. Án þess að hafa áhrif á i-lið 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skal yfirsýnarstarfsemin beina öllum tilmælum um eftirlit með viðmiðunum til stjórnarinnar.
3. Þegar yfirsýnarstarfsemin verður þess áskynja að stjórnin hafi framkvæmt eða fyrirhugi að framkvæma eitthvað í andstöðu við tilmæli eða ákvarðanir yfirsýnarstarfseminnar skal hún skrá það greinilega í fundargerðir næsta fundar hennar eða í ákvarðanaskrá hennar þegar yfirsýnarstarfseminni hefur verið komið á fót í samræmi við þriðja fyrirkomulag stjórnarháttá sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Verklagsreglur um yfirsýnarstarfsemina

1. Yfirsýnarstarfsemin skal hafa verklagsreglur sem varða a.m.k. eftirfarandi svið:
 - a) umboð hennar, tíðni reglulegra funda hennar, skráningu fundargerða og ákvarðana hennar og reglubundin upplýsingaskipti við stjórn stjórnandans,

- b) forsendur fyrir vali fulltrúa hennar, þ.m.t. forsendur til að meta hugsanlega sérþekkingu fulltrúanna, hæfni þeirra og hvort þeir muni geta varið þeim tíma til starfsins sem krafist er. Þessar forsendur skulu einkum taka tillit til hlutverks hugsanlegra fulltrúa í annarri yfirsýnarstarfsemi,
 - c) forsendur fyrir vali áheyrnarfulltrúa sem gætu fengið heimild til að sitja fundi yfirsýnarstarfseminnar,
 - d) kjör, tilnefningu eða brottvikningu og endurnýjun fulltrúa hennar,
 - e) eftir atvikum, forsendur fyrir að velja einstaklinginn eða nefndina sem ber ábyrgð á heildarstefnu og samræmingu og til að vera tengiliður stjórnar stjórnandans og lögbæra yfirvaldsins, í samræmi við viðeigandi fyrirkomulag stjórnarháttanna í yfirsýnarstarfsemi sem samanstendur af mörgum nefndum eins og fram kemur í viðaukanum,
 - f) opinbera birtingu á ágripi af upplýsingum um fulltrúa hennar auk yfirlýsinga um hagsmunaárekstra og aðgerða sem gripið hefur verið til í því skyni að draga úr þeim,
 - g) tímabundna sviptingu atkvæðisréttar utanaðkomandi fulltrúa við ákvarðanir sem gætu haft bein viðskiptaáhrif á stofnanirnar sem þeir eru fulltrúar fyrir,
 - h) að gera þá kröfu til fulltrúa að þeir birti upplýsingar um hagsmunaárekstra fyrir umræðu um dagskrárlið á fundum yfirsýnarstarfseminnar og að skrá það í fundargerð,
 - i) að meina fulltrúum að taka þátt í tilteknum umræðum sem tengjast hagsmunaárekstrum þeirra og að skrá það í fundargerð,
 - j) aðgengi hennar að gögnum sem eru nauðsynleg til að sinna skyldum hennar,
 - k) meðferð ágreinings innan hennar,
 - l) ráðstafanir sem gripið er til vegna brota á háttimisreglum,
 - m) tilkynningu til lögbærs yfirvalds um grunsemdir um misferli af hálfu aðila sem leggja fram gögn eða stjórnanda og um afbrigðileg eða grunsamleg inntaksgögn,
 - n) að koma í veg fyrir óviðeigandi birtingu trúnaðarupplýsinga eða viðkvæmra upplýsinga sem tekið er á móti, teknar eru saman eða ræddar eru innan yfirsýnarstarfseminnar.
2. Þegar einstaklingur annast yfirsýnarstarfsemina:
- a) gilda ekki ákvæði e-, g-, i- og k-liðar 1. mgr.,
 - b) skal stjórnandinn skipa varamenn úr hópi viðeigandi aðila eða einstaklinga til að tryggja að skyldum yfirsýnarstarfseminnar sé ávallt sinnt þó einstaklingurinn sem ber ábyrgð á yfirsýnarstarfseminni sé fjarverandi.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ekki tæmandi skrá yfir viðeigandi fyrirkomulag stjórnarháttá

1. Óháð yfirsýnarnefnd sem, í jöfnum hlutföllum, er skipuð fulltrúum hagsmunaaðila, þ.m.t. eininga undir eftirliti sem nota viðmiðunina, aðila sem leggja gögn til viðmiðanna og annarra utanaðkomandi hagsmunaaðila, s.s. rekstraraðila markaðsgrunnvirkis og annarra inntaksgagnalinda, ásamt óháðum fulltrúum og starfslíði stjórnandans sem taka á beinan hátt þátt í gerð viðeigandi viðmiðana eða annarri tengdri starfsemi.
2. Þegar aðilar, sem leggja fram gögn til viðmiðunarinnar, eða einingar undir eftirliti sem nota hana, hvorki eiga algjörlega né hafa yferráð yfir stjórnandanum og engir aðrir hagsmunaárekstrar eru til staðar í eftirlitsstarfseminni skal yfirsýnarnefnd samanstanda af:
 - a) a.m.k. tveimur einstaklingum sem tóku þátt í gerð viðeigandi viðmiðana án atkvæðisréttar,
 - b) a.m.k. tveimur starfsmönnum sem eru fulltrúar annarra hluta af starfsemi stjórnandans og taka ekki á beinan hátt þátt í gerð viðkomandi viðmiðana eða verkefnum tengdum henni, eða
 - c) a.m.k. tveimur óháðum fulltrúum þegar slíkir viðeigandi starfsmenn eru ekki tiltækir.
3. Ef viðmiðun er ekki mikilvæg, og flækjustig, umfang notkunar eða veikleiki gefa ekki annað til kynna, einstaklingur, sem er starfsmaður stjórnandans eða einhver annar einstaklingur sem veitir þjónustu sem stjórnandi getur nýtt sér eða hefur yferráð yfir og tekur ekki á beinan hátt þátt í gerð neinnar viðeigandi viðmiðunar og er laus við hagsmunaárekstra, einkum þá sem leiða af hugsanlegum hagsmunum í tengslum við viðmiðunarstigið.
4. Yfirsýnarstarfsemi sem samanstendur af mörgum nefndum, sem hver um sig annast yfirsýn yfir viðmiðun, tegund viðmiðana eða fjölskyldu viðmiðana, að því tilskildu að einn einstaklingur eða nefnd sé tilnefnd sem ábyrgðaraðili heildarstefnu og samræmingu yfirsýnarstarfseminnar og til að eiga samskipti við stjórn stjórnanda viðmiðunarinnar og lögbæra yfirvaldsins.
5. Yfirsýnarstarfsemi sem samanstendur af mörgum nefndum, sem hver um sig sinnir hluta af skyldum og verkefnum eftirlitsins, að því tilskildu að einn einstaklingur eða nefnd sé tilnefnd sem ábyrgðaraðili heildarstefnu og samræmingu yfirsýnarstarfseminnar og til að eiga samskipti við stjórn stjórnanda viðmiðunarinnar og lögbæra yfirvaldsins.